

Helstu niðurstöður Olweusarkönnunar frá því í desember eru í jákvæða átt þ.e:
Einelti í skólanum mælist nú 2,3% (5,1% árið 2012). Á landsvísu mælist einelti 4,5%.

Þrír nemendur segjast verða fyrir einelti vikulega eða oft í viku. Áreitnin er í formi:

- Gert grín að mér, ég uppnefnd(ur) eða mér strítt.
- Aðrir nemendur útiloka mig viljandi, halda mér fyrir utan félagahópinn eða hunsa mig algjörlega.
- Ég er ein/-nn í frímínútum
- Aðrir nemendur hafa dreift um mig rógi eða lygum.

2,2% nemenda (3 nemendur) svara því að þeir eigi engan góðan vin/vinkonu í skólanum.

Á bekkjarfundum og í lífsleiknitímum er markvisst unnið gegn einelti og nemendur virðast hafa náð að tileinka sér það því núna svara 89,3% nemenda að kennarar/aðrir fullorðnir í skólanum geri mikið til að koma í veg fyrir einelti.

Áfram verður unnið í anda Olweusar. Mikilvægt er að finna þessa vinalausu nemendur og þeim sem líður illa vegna einsemdar/eineltis og koma þeim til aðstoðar. Nemendur finna lang flestir til öryggis í návist skólafélaganna en þar má bæta um betur þannig að enginn þurfi að óttast einelti, útilokun eða vanlíðan vegna framkomu skólafélaga.



Niðurstöður úr Olweusarkönnun 2013

Grunnskóli Fjallabyggðar
Kynning fyrir foreldra



Um könnunina


136 nemendur (96,5%) í 5. – 10. bekk tóku könnunina í des 2013.

Könnunin er 46 spurningar, rafræn og með nafnleynd.


Í könnuninni er fjallað um:

- 1. Vini og líðan í skólanum.
- 2. Mælingar á einelti.
- 3. Tilfinningar og afstaða til eineltis
- 4. Hvernig umhverfið bregst við.


Hvernig líkar þér í skólanum?



Hve marga góða vini/vinkonur áttu í skólanum þínum?




Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði?




Hvernig einelti verða nemendur fyrir?

- Gert grín að mér, ég uppnefnd(ur) eða mér strítt
- Aðrir nemendur útiloka mig viljandi, halda mér fyrir utan félagahópinn eða hunsa mig algjörlega.
- Ég hef verið barin(n), sparkað í mig, rifið í hárið, mér var hrint eða ég var lokaður/lokuð inni
- Aðrir nemendur hafa dreift um mig rógi eða lygum
- Aðrir nemendur vilja ekki vera með mér, ég er einn í frímínútum
- Peningar og annað hefur verið tekið af mér og eyðilagt
- Mér hefur verið ógnað og ég neydd/neyddur til að gera það sem ég vildi ekki gera

Hve oft reyna kennararnir eða aðrir fullorðinir í skólanum að gera eitthvað til að stöðva einelti?



Hve oft óttast þú að vera lagður/lögð í einelti af samnemendum í skólanum þínum?



Gætir þú hugsað þér að taka þátt í að leggja
nemanda í einelti sem þú kannt ekki vel við?

